



# Fundargerð 244.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 16. október 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnahúsinu við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Eva Hrund Einarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson og Ólafur R. Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnastjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Erindi frá skipulagssviði Akureyrarbæjar

Borist hefur erindi dagsett 8. október s.l. frá sviðstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar þar sem óskað er umsagnar á skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingu á Akureyri. Pétur Ingi Haraldsson sviðsstjóri skipulagssviðs mætti á fundinn undir þessum lið. Erindinu frestað til næsta fundar.

### 2. Ferðamálastefna HN 2019-2029.

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti drög að fyrstu ferðamálastefnu Hafnasamlags Norðurlands bs.

### 3. Heilsueflingarstefna HN 2020

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti heilsueflingarstefnu HN sem taka á gildi 1. Janúar n.k. Stjórn HN samþykkir stefnuna.

### 4. Siðareglur og samskiptasáttmáli.

Eva Hrund Einarsdóttir kynnti nýjar siðareglur og samskiptasáttmála fyrir Akureyrarbæ og samþykkir stjórn HN að taka þær einnig upp.

### 5. Staða framkvæmda

Hafnarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda. Vinna við vakthús á Oddeyrarbryggju er nánast lokið og vonast er til að hægt verði að nýta húsið við allra síðustu skemmtiferðaskipin þetta árið. Vinna við lengingu á Tangabryggju er komin á fullt aftur eftir að hlé var gert á vinnunni í sumar. Enn er reiknað með að hægt verði að bjóða út vinnu við lagnir og þekju í nóvember eða desember n.k.

Aðeins eitt tilboð barst í verkið „Hafnahús viðbygging“ en tilboð voru opnuð á skrifstofu HN þriðjudaginn 8. október s.l. HHD verktakar buðu kr. 72.010.495 í verkið en kostnaðarmat hönnuðar var 51.706.434 og eru báðar upphæðir með virðisauka. Tilboðið var 139,3% af kostnaðarmati hönnuðar. Stjórn HN leggur til að tilboðinu verði hafnað og felur formanni og hafnarstjóra að kanna aðra kosti.



## 6. Önnur mál.

### a. Tilnefning í samstarfshóp fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hverastrýtur.

Jóhannes Gunnar Bjarnason er tilnefndur fyrir hönd Hafnasamlags Norðurlands bs.

### Fundagerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 18:15

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

---

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

---

Axel Grettisson

---

Eva Hrund Einarsdóttir

---

Jana Salóme Ingibjargar Jósépsdóttir

---

Ólína Freysteinsdóttir

---

Þröstur Friðfinnsson

---

Ólafur Ólafsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---